



FERLI
www.ferli.is

Ferli ehf. hefur miðlað gögnum frá Þjóðskrá og Skattinum í yfir 30 ár.

Ferli ehf.
Hlíðasmára 8,
201 Kópavogi
Sími 544-5888

Sérstök hliðarskrá vegna hamfara 2023 – Lögheimiliskóðar v/íbúa Grindavíkur

SÆTI FRÁ	SÆTI TIL	LENGD	HEITI	LÝSING
1-	12	12	Aðseturskóði	Sama uppbygging og lögheimiliskóði
13-	61	50	Götuheiti í nefnifalli	Götuheiti í nf.
62-	112	50	Götuheiti í þágufalli	Götuheiti í þgf.
113-	115	3	Póstnúmer	Póstnúmer
116-	146	31	Póststöð	Heiti póststöðvar
147-	177	31	Sveitarfélag	Heiti sveitarfélags

Skýringar frá Þjóðskrá:

Ástæðan fyrir þessari skrá er að í desember samþykktu yfirvöld ákvæði til bráðabirgða, í ljósi aðstæðna í Grindavík, að einstaklingar sem höfðu lögheimili í Grindavíkurbæ 10.nóvember 2023 geta nú skráð tímabundið aðsetur þar sem þeir dvelja nú vegna þess neyðarástands sem upp kom.

Í þessum tilfellum gildir aðseturskráningin þar til lögreglustjóri tilkynnir Þjóðskrá um að skilyrði hennar séu ekki lengur fyrir hendi en einstaklingum er þó heimilt að halda skráningunni í allt að eitt ár frá tilkynningu lögreglustjóra.

Ákvæðið veitir einstaklingum með skráð lögheimili í Grindavík heimild til að skrá tímabundið aðsetur ekki eingöngu í íbúðarhúsnæði heldur einnig í fjöldahjálparstöðvum, frístundabyggð og atvinnuhúsnæði þar sem búseta er almennt ekki heimil samkvæmt lögum og önnur aðseturskráning heimilar ekki.

Tímabundin aðseturskráning hefur hingað til verið heimilud þeim sem þurfa hana vegna náms eða veikinda og hefur verið háð því að eingöngu er hægt að skrá aðsetur í því sem telst íbúðarhúsnæði skv. lögum.

Í dag er upplýsingum um aðsetur miðlað sem húskóða sem er til í þjóðskrá því eingöngu hefur verið heimilt að vera með skráð aðsetur í íbúðarhúsnæði og húskóði því verið til fyrir það heimilisfang.

Með þessu bráðabirgða ákvæði og að heimilt er að skrá aðsetur í fjöldahjálparstöðvum, frístundabyggð og atvinnuhúsnæði þá höfum við búið til nýja húskóða fyrir þau tilvik þar sem óskað er aðseturskráningar í annarskonar húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Í langflestum tilfellum eru Grindvíkingar að skrá aðsetur í skráðu íbúðarhúsnæði og er því til húskóði fyrir þau heimilisföng. En það eru nokkur tilfelli og verða mögulega fleiri þar sem aðsetur er skráð í frístundabyggð eða öðru húsnæði.

Í þeim tilfellum sem við höfum búið til nýja húskóða þá inniheldur skráin upplýsingar um hvaða heimilisfang liggur að baki tilteknum húskóða.

Þeir viðskiptavinir sem eru með aðgang að Viðbótarupplýsingar B (E36) eða eru með aðgang að aðsetursupplýsingum þurfa að fá upplýsingar úr þessari skrá til að átta sig á því hver skráningin er.